

161. fundur

Fundur verður haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 24. júní 2013, kl. 20:00, á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Lára Gunnarsdóttir, Hinrik Hjartarson, Ásgeir Gunnar Jónsson og Katrín Gísladóttir. Auk þess sat fundinn Bjarnfríður Vilhjálmsson skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Silfurgata 15, stækkun á geymsluskúr.
Þorsteinn Kúld sækir um að stækka skúr, ásamt að lækka lóð fyrir bílastæði, sbr. teikningar dags. 4.03.2013. Erindið var grenndarkynnt samkvæmt 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir eigendum húsa við Bókhöfðustíg 7,9 og Silfurgötu 13. Athugasemdir bárust frá Ingibjörgu Þorvaldsdóttur Bókhöfðustíg 9 dags. 19.06.2013 og Áslaugu Jónsdóttur f.h. Katrínar Sigurjónsdóttur Bókhöfðustíg 7, dags. 20.06.2013 og frá Ágústi Georgssyni f.h. Georgs Ólafssonar tölvupóstur dags. 16.06.2013.
Nefndin synjar stækkun á skúr en samþykkir bílastæði á lóðinni.
2. Austurgata 3 og Smiðjustígur 2. Breytingar á lóðarmörkum.
Pálmi Ólafsson og Sigurður Kristjánsson leggja fram afstöðumyndir með lítils háttar breytingu á lóðarmörkum húsanna, sbr. afstöðumynd dags. apríl 2013.
Erindi samþykkt.
3. Hótel Stykkishólmur, skilti.
Gísli Blöndal sækir um f.h. Hótel Stykkishólms að staðsetja skilti við Aðalgötu, móts við Tjarnarás og endurnýja skilti á ljósastaur á horni Borgarbrautar og Aðalgötu, sbr. erindi /tölvupóst dags. 6.06.2013.
Samþykkt að skilti verði staðsett í samráði byggingarfulltrúa.
4. Sundabakki 14, vegvísir.
Svava Gísladóttir sækir um að setja vegvísi á ljósastaur efst við Sundabakka vegna reksturs á heimagistingu sbr. erindi dags. 06.06.2013.
Samþykkt að skilti verði staðsett á staur í samráði við byggingarfulltrúa.
5. Nestún 16, skúr á lóð Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir sækir um að staðsetja skúr við bæjarmörk suðaustan megin við húsið, sbr. erindi dags. 19.06.2013.
Erindi samþykkt.
6. Búðanesvegur 1, fyrirspurn breyta bílskúr í íbúðarherbergi og geymslu.
Elín Kristinsdóttir óskar eftir að breyta bílskúr í íbúðarherbergi og geymslu, sbr. erindi dags. 24.04.2013.
Tekið er neikvætt í erindið.

7. Laufásvegur 5, geymsluskúr.

Alexander Helgason sækir um að byggja 21 fm geymslu á lóðinni við Laufásveg 5, sbr. meðfylgjandi gögn dags. 24. júní 2013.

Erindi frestað.

8. Skipulags- og byggingafulltrúi leggur fram tillögu til samþykktar, er varðar vinnuferla mála vegna dagsektarákvæða.

Erindi samþykkt með áorðnum breytingum.

9. Önnur mál.

9.a Nefndin ítrekar að hafinn sé vinna við deiliskipulag á Reitarvegi og lokið verði við deiliskipulag á Nýræktarsvæði.

9.b Í tilefni að ég er að láta af störfum sem skipulags- og byggingarfulltrúi Stykkishólmsbæjar vil ég koma á framfæri þakklæti til skipulags- og bygginganefndar fyrir samstarfið á liðnum árum.

Nefndin þakkar Bjarnfríði fyrir samstarfið og óskar henni velfarnaðar í náinni framtíð.

Fundi slitið kl. 22:45 –B.V.

